

## Tillaga til breytinga á lögum Fimleikasambands Íslands Frá stjórn FSÍ

Núverandi lagaákvæði

11. gr.

### **Kosning stjórnar**

Stjórn FSÍ er kosin á fimleikaþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning stjórnar skal fara þannig fram:

- a) Kosning formanns til tveggja ára, á öðru hverju fimleikaþingi,
- b) Kosning sex meðstjórnenda, kjörtímabil er 2 ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á hverju fimleikaþingi,
- c) Kosning tveggja einstaklinga í varastjórn, kjörtímabil er 2 ár og skal annar þeirra kjörinn á hverju fimleikaþingi.

Tilkynningar um framboð til formanns og stjórnar FSÍ skulu berast skrifstofu sambandsins minnst tveimur vikum fyrir fimleikaþing. Kjörnefnd er þó heimilt að framlengja framboðsfrest ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan áðurgreinds frests.

Kosningar til embættisins formanns og stjórnar FSÍ eru skriflegar og leynilegar nema frambjóðendur séu jafnmargir og kjósa skal. Þeir sem hljóta flest atkvæði eru rétt kjörnir. Fáir fleiri en tveir einstaklingar jafnmörg atkvæði skal kjósa á ný um þá. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Þingfulltrúum er ekki skylt að kjósa þann fjölda sem þarf til að fullskipa stjórn.

Tillaga að breytingu

11. gr.

### **Kosning stjórnar**

Stjórn FSÍ er kosin á fimleikaþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning stjórnar skal fara þannig fram:

- a) Kosning formanns til tveggja ára, á öðru hverju fimleikaþingi,
- b) Kosning **fjögurra til** sex meðstjórnenda, kjörtímabil er 2 ár og **skulu tveir til þrjú** meðstjórnenda kjörnir á hverju fimleikaþingi,
- c) Kosning tveggja einstaklinga í varastjórn, kjörtímabil er 2 ár og skal annar þeirra kjörinn á hverju fimleikaþingi.

Tilkynningar um framboð til formanns og stjórnar FSÍ skulu berast skrifstofu sambandsins minnst tveimur vikum fyrir fimleikaþing. Kjörnefnd er þó heimilt að framlengja framboðsfrest ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan áðurgreinds frests.

Kosningar til embættisins formanns og stjórnar FSÍ eru skriflegar og leynilegar nema frambjóðendur séu jafnmargir og kjósa skal. Þeir sem hljóta flest atkvæði eru rétt kjörnir. Fáir fleiri en tveir einstaklingar jafnmörg atkvæði skal kjósa á ný um þá. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Þingfulltrúum er ekki skylt að kjósa þann fjölda sem þarf til að fullskipa stjórn.



## Skýring

Tillaga er sett fram af stjórn FSÍ til að hægt sé að veita sveigjanleika í þá átt að eingöngu fimm aðalmenn verði í stjórn ef erfiðlega gengur að manna stjórnina. Leitast skal við að hafa sjö í stjórn á hverjum tíma en slíkt verður þá ekki krafá.